

Nesvegur 5 ehf.
Hellnafelli 6
350 Grundarfjörður

26. júní 2025
UOS2501541/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 5. júní 2025 – Nesvegur 5, Ásmundarnesi, Bjarnarfirði, ID 499.

Þann 5. júní 2025 fór fram reglubundið eftirlit í Nesvegur 5 ehf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ekki er búið að senda ársyfirlit inn til Umhverfis- og orkustofnunar.
2. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila útreikningum vegna fosfórs og niturlosunar í frárennsli. Engin gögn hafa skilað sér til Umhverfis- og orkustofnunar svo hægt sé að reikna út losunina.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. júlí 2025.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits